

Bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar
Magnús Gunnarsson, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 19. júní 2001
Tilvísun: 2001060034/40.1
vp/JSn

Efni: Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegur

Nú stendur yfir mat á umhverfisáhrifum nýs Suðurstrandarvegur sem á að liggja á milli Grindavíkur og Þorlákshafnar.

Mikilvægt er að fram komi í matsskýrslu upplýsingar um núverandi stöðu í atvinnumálum á svæðinu, svo og upplýsingar um

hve mikilvægur vegurinn er fyrir sveitarfélög á Reykjanesi. Er þessvegna farið þess á leit að sveitarfélögin gefi

upplýsingar um stöðu atvinnumála og mikilvægi vegarins fyrir byggðir í nágrenninu.

Í umsögnum vegna tillögu að matsáætlun hafa komið fram spurningar um áhrif Suðurstrandarvegur á útivist og ferðamennsku

á svæðinu og aðgengi að séstæðu landslagi og fornleifum. Óskað er eftir, að sveitarfélögin gefi upplýsingar um

fyrirætlanir sínar í ferðamálum á svæðinu og hvort að fyrirhugaður Suðurstrandarvegur samræmist markmiðum

sveitarfélagsins í ferðamálum eður ei. Mun val veglínu hafa áhrif á útivist og ferðamennsku á svæðinu og aðgengi að

séstæðu landslagi og fornleifum ?

Við vonumst til þess, að hægt verði að sinna þessu erindi sem allra fyrst, þannig að mat á umhverfisáhrifum tefjist ekki

sökum þessa.

Virðingarfyllst,

Jónas Snæbjörnsson
umdæmisstjóri Reykjanesumdæmis

Afrit:
Grindavíkurbær
Sveitarfélagið Ölfus



Bygðasafn
Hafnarfjarðar

Ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðar
Jón Halldór Jónasson
Vesturgötu 8
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 11. júlí 2001.

Efni: Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandavegar.


Í framhaldi af fundi þeim sem ferðamálafulltrúi boðaði til í gær 10. júlí vegna mats á umhverfisáhrifum vegna nýs Suðurstrandavegar vill Bygðasafnið leggja fæin orð til umræðunnar.

Líklegt er að aðgengi ferðafólks að þeim einstöku fornleifum sem er að finna í landi Krisuvíkur verði greiddara við lagningu Suðurstrandavegar og því ber að fagna. Ef svo verður raunin er hins vegar brýnt að hlutaðeigandi aðilar beiti öllum tiltækum ráðum til að fyrirbyggja að fornleifar svæðisins verði fyrir skaða vegna umgangs og tíðari heimsókna.

Heildarskráningu fornleifa í landi Hafnarfjarðar í Krisuvík lauk árið 1998, samanber skýrslu Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings, „Krisuvík. Fornleifar og umhverfi“. Bjarni hefur eftir því sem næst verður komist jafnframt unnið að sérstakri greiningu fyrir Vegagerð ríkisins með tilliti til lagningu nýs Suðurstrandavegar. Samanber tillögur um vegastæði, ætti faglega að vera búið að fyrirbyggja það að fornleifar verði fyrir skaða ef að lagningu hins nýja vegar verður. Bygðasafnið vill engu að síður minna á 13. gr. Þjóðminjalaga en þar segir:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifanefnd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. ...Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifanefndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Virðingafyllst,
f. h. Bygðasafns Hafnarfjarðar.


Karl Rúnar Þórsson
sagnfæðingur



SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS

RÁÐHÚSI ÖLFUSS • HAFNARBERGI 1 • 815 ÞORLÁKSHÖFN • SÍMI 480 3800 • FAX 480 3801

Vegagerðin
vt. Valtýr Þórisson, verkefnisstjóri
Borgartún 5 – 7

105 REYKJAVÍK.


Þorlákshöfn, 12. júlí 2001.


Efni: Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegur.

Með bréfi dags. 19.06. sl. var óskað eftir svörum við nokkrum fyrirspurnum vegna mats á umhverfisáhrifum nýs Suðurstrandarvegur. Hér á eftir fara svör bæjarráðs Ölfuss.

1. Staða atvinnumála í Sveitarfélaginu Ölfusi er góð og mun Suðurstrandarvegur styrkja það enn frekar.
2. Með Suðurstrandarvegi mun sjósókn austur með Suðurlandi verða auðveldari og góð vegtenging fæst við Suðurnesin sem gerir það að verkum að útgerðarmenn og sjófarendur eru óbundnari af heimahöfn heldur en verið hefur. Ferskfiskflutningar til Keflavíkurflugvallar verða auðveldari og flutningskostnaður lækkar.
3. Með Suðurstrandarvegi mun aðgengi ferðamanna að Suðurlandi gjörbreytast og hefur vegurinn í för með sér jákvæð áhrif á ferðaþjónustu um allt hérað.
4. Sveitarfélagið Ölfus vinnur nú að aðalskipulagi fyrir allt sveitarfélagið og því liggja ekki á þessari stundu fyrir áætlanir þess á svæðinu. Aftur á móti er ljóst að t.d. í Selvogi er að finna falleg svæði sem nýtast munu íbúum sveitarfélagsins til útivistar og ferðamennsku og því samræmist Suðurstrandarvegur markmiðum sveitarfélagsins í þeim efnum. Veglína skiptir þar ekki höfuðmáli heldur fyrst og fremst lagning vegarins og lýsir bæjarráð yfir ánægju sinni með staðsetningu hans næst Þorlákshöfn, sbr. núverandi tillögur.

Sveitarfélagið Ölfus leggur hér eftir sem hingað til áherslu á mikilvægi Suðurstrandarvegur og að framkvædir hefjist sem fyrst enda vegurinn allur í einu kjördæmi.





Ferðamálafultrúi Hafnarfjarðar

Upplýsingamiðstöð Hafnarfjarðar

Vesturgata 8, 220 Hafnarfjörður

Sími 565 0661 Netfang: ferdamal@hafnarfjordur.is

Bæjarverkfræðingur Hafnarfjarðar

Kristinn Ó. Magnússon

Umhverfis- og tækisvið Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfirði, 12. júlí 2001

Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandavegar

Í bréfi þínu frá 6. júlí er kallað eftir athugasemdum ferðamálafultrúa vegna bréfs Vegagerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandavegar þar sem spurt er um eftirfarandi:

1. mikilvægi vegarins fyrir byggðir í nágrenninu;
2. fyrirætlanir sveitarfélagsins í ferðamálum á svæðinu;
3. hvort val veglínu muni hafa áhrif á útivist og ferðamennsku á svæðinu og aðgengi að sérstæðu landslagi og fornleifum?

1. Mikilvægi vegarins

Mikilvægi samgangna fyrir ferðamennsku er augljós og sérstaklega virðast möguleikar á „hringleiðum“ hvetjandi fyrir ferðaskipuleggjendur. Betri vegur á s.k. Ísólfskátaleið mun bæta hringleiðina „Hafnarfjörður - Krýsuvík - Bláa Lónið“ og jafnframt mun betri tenging frá Krýsuvík við Suðurland skapa nýja möguleika í að gera náttúruperluna Krýsuvík að áningastað.

2. Fyrirætlanir í ferðamálum

Aðalskipulag Hafnarfjarðar fyrir Krýsuvík hefur lengi verið í vinnslu og sökum þess hafa ýmsar hugmyndir um uppbyggingu verið saltaðar þar sem ekki var hægt að svara því m.t.t. aðalskipulags hvort mögulegt væri að koma þeim í framkvæmd. Það má segja að opinber samþykkt heildstæð stefna í ferðamálum fyrir Krýsuvík er því þannig séð ekki til, en hins vegar hafa verið teknar nokkrar ákvarðanir á umliðnum árum sem telja má stefnumótandi. Með verkefninu „Krýsuvík - samspil manns og náttúru“, sem var árpúsundaverkefni Hafnarfjarðarbæjar í samvinnu við Menningarborgarárið 2000, var gefinn tónninn fyrir afnot svæðisins til útivistar og menningar.

- Gert var kort af svæðinu með upplýsingum um menningarminjar og gönguleiðum.
- Sveinshús var afhent Sveinssafni til afnota fyrir sýningahald.
- Í fræðsludagskrá var boðið upp á sýningar og gönguferðir um svæðið með leiðsögn.

Í drögum að aðalskipulagi Hafnarfjarðar fyrir Krýsuvík er gert ráð fyrir að útivist skipi háan sess varðandi afnot af svæðinu. Gert er ráð fyrir að svæðið verði að mestu leyti opin

útivistarsvæði og þjónusta eingöngu leyfð á afmörkuðu svæði við Seltún og við Geststaðavatn (Sjá tillögur að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1999 - 2015: Krýsuvík).

3. Áhrif vals veglínu á útivist og ferðamennsku

Krýsuvík er óneitanlega mikil útivistarperla vegna kröftugar náttúru og menningarmínja. Svæðið allt er magnað en einkum má þó telja 4 svæði mikilvæg m.t.t. ferðaþjónustu:


- Seltún (og Austurengjahverir) - vegna hveravirkni.
- Grænavatn, Gestsstaðavatn og Sveinshús
- Krýsuvíkurbær - vegna menningarmínja
- Krýsuvíkurbær, Heiðnaberg, Selalda og Strákar

Hugmyndir að legu Suðurstrandavegar liggja milli tveggja hinna síðastnefndu og þar er einkum tvennt sem gæta þarf að varðandi lagningu vegarins, annars vegar **fornar menningarminjar** og hins vegar **kyrrð og friður**. Búið er að kortleggja menningarmínjar svo auðvelt ætti að vera að afstýra tjóni á þeim. Reyndar þarf að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja skaða vegna umgangs og tíðari heimsókna, sem möguleg yrði í kjölfar bættis aðgengis (sbr. ábendingu frá Byggðasafni Hafnarfjarðar - sjá meðfylgjandi bréf). Hins vegar er erfiðara að gera sér grein fyrir hvernig umferðarniður af Suðurstrandavegi kemur til með að hafa áhrif á kyrrð á svæðinu. Ástæða er til að skoða hugsanlega hljóðmengun sérstaklega, þ.e. hver hún yrði í á tveimur síðastnefndu svæðunum.

Virðingarfyllt,



Jón Halldór Jónasson, ferðamálafulltrúi



Markaðs- og atvinnumálafulltrúi Hafnarfjarðar

Strandgata 6, 220 Hafnarfjörður

Sími 585 5525 Netfang: armanneir@hafnarfjordur.is

Hafnarfirði, 19. júlí 2001

Hr. bæjarverkfræðingur Hafnarfjarðar
Kristinn Ó. Magnússon
Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðar

Varðar: “Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegar”

Samkvæmt bréfi þínu dagsettu 6. júlí s.l. er óskað eftir athugasemdum “atvinnumálafulltrúa” vegna fyrirhugaðs mats á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegar. Þar er m.a. óskað upplýsinga og álits á eftirfarandi:

1. Stöðu atvinnumála á svæðinu
2. Mikilvægi Suðurstrandarvegar fyrir bæjarfélagið (byggðir í nágrenninu).
3. Fyrirætlunum í ferðamálum á svæðinu og hugsanlegum áhrifum vegarins á ferðamennsku.

1. Staða atvinnumála á svæðinu

- Krýsuvíkursvæðið í heild sinni er í hugum flestra afar sérstætt náttúruundur. Svæðið hefur reynst kjörinn vettvangur rannsókna, ferðamennsku og útivistar á seinni árum.
- Vísir að landbúnaði hefur þrífist þar fram á þennan dag. Einkum nú í formi beitarnytja fyrir kindur og hross.
- Í skoðun eru möguleikar á námuvinnslu t.d. í Trygghólum og víðar.
- Löngum hefur verið horft til jarðvarmans í Krýsuvík. Nú hyllir undir beislun hans til framleiðslu á vistvænni raf- og gufuaflsorku. Með eignaraðild Hafnfirðinga í Hitaveitu Suðurnesja eru nú meiri líkur en nokkru sinni fyrr til þess að sótt verði inná Krýsuvíkursvæðið til frekari rannsókna og borana.
- Í Krýsuvíkurskóla er rekið meðferðar- og hjúkrunarheimili.

2. Mikilvægi vegarins fyrir bæjarfélagið (byggðir í nágrenninu)

Í atvinnulegu tilliti eru líkur á að Suðurstrandarvegur komi mest að notum fyrir ferðamennsku og flutninga með sjávarfang og varning tengdum hafnarstarfsemi, sjávarútvegi og siglingum.


Vegna sérstöðu Hafnarfjarðar sem útvarðar á Höfuðborgarsvæðinu og vegna þeirrar öflugu hafnarstarfsemi sem hér er og ekki síst vegna fyrirsjáanlegrar þenslu uppbyggingar hafnarmannvirkja, bæði í Hafnarfjarðar- og Straumsvíkurhöfn innan fárra ára, þarf að leggja sérstaka áherslu á hagkvæma og öfluga vegtengingu við þennan umræddan veg.

Meta þarf með tilliti til fyrirhugaðs breytts vegastæðis Reykjanesbrautar hvort ekki þurfi að finna snjóléttari leið og hagnýtara vegastæði í stað núverandi Krýsuvíkurveggar inná Suðurstrandarveginn. Mikilvægt er að skoða hvort upphaf þeirrar leiðar yrði ekki frá Straumsvíkurhöfn og iðnaðarsvæðinu austanvið sem byggist hratt upp um þessar mundir.

3. Fyrirætlanir í ferðamálum á svæðinu og hugsanleg áhrifum vegarins á ferðamennsku.


Sjá sérstaka greinargerð ferðamálafulltrúa, dagsett 12. júlí s.l.

Virðingarfyllst,



Armann Eiríksson

Markaðs- og atvinnumálafulltrúi



Bæjarverkfræðingur

Vegagerðin
B.t. Jónasar Snæbjörnssonar
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík



40.
Suðurstr.v.

Varðar: Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegur

Bæjarráð Hafnarfjarðar fól undirrituðum að kalla eftir greinargerðum frá atvinnumálafulltrúa og ferðamálafulltrúa bæjarins vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegur.

Meðfylgjandi eru greinargerðir þessara embættismanna ásamt bréfi Byggðasafns Hafnarfjarðar um sama efni.

Eftirfarandi atriði eru helstu niðurstöður:

1. Suðurstrandarvegur hefur umtalsverða þýðingu fyrir atvinnuuppbyggingu og ferðaþjónustu á svæðinu en áhersla er jafnframt lögð á nauðsyn þess að endurnýja Krísuvíkurvegin.
2. Nýting jarðhitans í Krísuvík er líkleg á næstu árum og skipta þá góðar samgöngur máli.
3. Suðurstrandarvegur ásamt nýjum Krísuvíkurvegi geta haft veruleg áhrif á flutninga milli Hafnarfjarðar og suðurlands, einkum Þorlákshafnar. Þar gæti bæði verið um að ræða vöruflutninga og flutninga með sjávarfang.
4. Varðandi ferðaþjónustu opnar Suðurstrandarvegur góða möguleika á hringleiðum um Reykjanes þar sem Hafnarfjörður væri einn áfangastaða. Í því sambandi er mikilvægi þess að endurnýja Krísuvíkurveg augljóst.
5. Mikla áherslu ber að leggja á það að Suðurstrandarvegur valdi ekki skaða á fornum minjum, hvorki beint né óbeint. Hann opnar hins vegar aðkomuleið að þessum minjum fyrir almenning og er það jákvætt.
6. Mikilvægt er að vegurinn rýri útivistargildi Krísuvíkursvæðisins eins lítið og kostur er vegna umferðarhávaða og annars ónæðis.
7. Suðurstrandarvegur er tvímælalaust mikilvægur varðandi almannavarnir, bæði sem láglendisvegur og tenging suðurlandsundirlendis við höfuðborgarsvæðið.

Hafnarfirði, 16. ágúst 2001

Kristinn Ó. Magnússon
Kristinn Ó. Magnússon, bæjarverkfræðingur

Hafnarfjarðarbær - Umhverfis- og tæknisvið
Strandgötu 8-10 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 585 5600 - Bréfsími: 585 5609
www.hafnarfjordur.is - tæknideild@hafnarfjordur.is

Grindavíkurbær



40.1
Suturstr. v

Vegagerðin
Hr. Jónas Snæbjörnsson umdæmisstjóri
Borgartúni 5 – 7
105 Reykjavík

13.07.01

EFNI: SUÐURSTRANDARVEGUR

Visað er til bréfs ykkar dags 19.06.01 þar sem óskað er upplýsinga um stöðu atvinnamála og mikilvægi vegarins fyrir byggðir í nágrenninu.

Umræða um Suðurstrandarveg er ekki ný af nálinni. Vegurinn hefur lengi verið mikið áhugamál íbúa Grindavíkur og Þorlákshafnar. Málið hefur einnig mikinn stuðning nágrannasveitarfélaganna og landshlutasamtök sveitarfélaga, bæði SASS og SSS hafa ályktað því til stuðnings. Heilsársvegur með bundnu slitlagi milli Grindavíkur og Þorlákshafnar er eðlilegur og augljós þáttur í vegakerfi þessa landshluta og hluti af framtíðarsýn íbúanna. Vegurinn mun hafa mikil áhrif á sveitarfélög, fyrirtæki og íbúa landshlutans bæði félagslega og atvinnulega.

Atvinnuástand í Grindavík hefur verið gott undanfarin misseri og hröð uppbygging. Bæjarstjórn Grindavíkur stefnir að því að Grindavík verði fjölskylduvænn bær, sem byggir á sjávarútvegi, þjónustu við ferðamenn og möguleikum sem jarðhitinn skapar. Markmiðið er að Grindavík verði eftirsóknarverður bær til búsetu, bæði hvað snertir atvinnumöguleika, menntun og þjónustu. Suðurstrandarvegur er einn af þeim þáttum sem nauðsynlegur er til að þessi markmið náist.

Útgerð – fiskvinnsla.

Í byggðum í nágrenni Suðurstrandarvegjar eru þrjár fiskihafnar sem eru meðal stærstu fiskihafna á landinu, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn og Grindavík. Viðskipti með fisk milli þessara staða eru mikil. Flutningar sem þeim fylgja eru í dag áætlaðir amk. 15 þúsund tonn á ári. Talið er að þessir flutningar muni þrefaldast með tilkomu vegarins. Tilkoma vegarins mun gera hverskonar flutning á ferskfiski miklu mun öruggari, ekki síst útflutning um Keflavíkurlugvöll.

Ferðaþjónusta.

Bláa lónið í Grindavík er fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi í dag. Hringleið sem myndast með Suðurstrandarvegi hefur gríðarlega þýðingu fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Á hringnum eru Keflavíkurlugvöllur – Reykjavík – Hveragerði – Selfoss – Þorlákshöfn – Grindavík með Bláa lónið. Í Grindavík er auk Bláa lónsins verið að byggja upp Saltfisksetur Íslands sem verður opnað á næsta ári. Saga saltfisksins verður sögð þar á myndrænan hátt, sýnd vinnubrögð og vakin athygli á þýðingu saltfisksins fyrir íslensku þjóðina. Í móttökuhúsi Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi er “Gjáin” – sýningarsalur þar sem nýjustu tækni er beitt til að segja jarðsögu Íslands. Þar geta gestir t.d. upplifað jarðskjálfta. Báðir þessir staðir Saltfisksetrið og Gjáin munu sinna fræðslustarfi fyrir grunnskóla og aðrar menntastofnanir. Þessa staði setur Suðurstrandarvegur í þjóðbraut. Með Suðurstrandarvegi verða aðgengilegir fleiri merkilegir staðir og menningarverðmæti s.s. Selatangar, Katlahraun, Húshólmi, Krýsuvík, Krýsuvíkurborg, Herðisarvík, Selvogur, Strandarkirkja. Hér er þó ekki tæmandi upptalning.

Stóriðja.

Á Reykjanesi hefur myndast vísir að iðnaðarsvæði með saltverksmiðju og fiskþurrkunarfyrirtæki. Einnig er Hitaveita Suðurnesja að vinna að rannsóknum og undirbúningi að Magnesiumverksmiðju. Í framtíðinni mun að öllum líkindum rísa stóriðja á þessu svæði sem nýtir orku frá Hitaveitunni. Með Suðurstrandarvegi verður Þorlákshöfn, Selfoss og nágrenni og Reykjanesið eitt atvinnusvæði.

Annað.

Suðurstrandarvegur mun gegna stóru öryggishlutverki vegna eldvirkni svæðisins. Einnig mun vegurinn, ef hann verður lagður nálægt sjónum, auka mjög öryggi ef skip og menn lenda í sjávarháska við ströndina.

Með Suðurstrandarvegi má léttja þungaflutningum af, þegar yfirhlöðnu, vegakerfi í nágrenni höfuðborgarinnar.

Með lögum um nýja kjördæmskipan varð Suðurstrandarvegur lykllinn að eðlilegri uppbyggingu og samskiptum innan hins nýja kjördæmis.

Í bréfi þessu hef ég reynt að tína saman nokkur atriði um áhrif Suðurstrandarvegar á atvinnulíf og samfélag á því svæði sem vegurinn tengir. Einnig vil ég minna á og ítreka áhersluatriði sem fram koma í bréfi mínu frá 10.05.01. Ég vona að þessi greinargerð svari erindi ykkar.

Með bestu kveðju



Einar Traustason

Hjál.: Ljósrit af bréfi dags. 10.05.01.